

Stjórnarfundur 5. nóvember 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Leifur Arason, Sigurbjörn Þórmundsson og Heiðrún Sigurðardóttir

Málefni tekin fyrir:

1. Ráðning framkvæmdastjóra

Rætt um umsækjendur og ráðningaferlið. Alls sóttu 10 einstaklingar um starfið og verða fimm hæfustu boðaðir í viðtal. Stjórn ákveður að fá óháðan aðila sem þekkir til starfsins til þess að taka viðtölin til að gæta jafnræðis milli umsækjenda.

2. Stjórn kvennadeildar

Rætt um aðalfund kvennadeildar þar sem enginn bauð sig fram til að taka við af fráfarandi stjórn. Stjórn Fáks vill leita til reyndra kvenna til að taka við þessu og koma starfinu í gott horf.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.

